Námsgrein: Nærsamfélagið og hópefli 5. - 6. bekkur

Kennari: Erna Sigríður Hannesdóttir

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir á viku

Námsefni: Efni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag: Áhersla er lögð á fjölbreytt og verklegt nám þar sem nemendur læra í gegnum leik, samvinnu, upplifun og þátttöku. Kennslan fer fram bæði innan og utan skólans og felur m.a. í sér hópeflisleiki, spil, útinám, skapandi verkefni og heimsóknir á vinnustaði og stofnanir í nærsamfélaginu. Nemendur fá tækifæri til að kynnast fólki á ólíkum aldri, fjölbreyttri starfsemi og umhverfi sínu. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, samvinnu, sjálfstæði, ábyrgð og virka þátttöku.

Námsmat: Símat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferlið. Horft er sérstaklega til virkni, samvinnu, samskipta, sjálfstæðis, ábyrgðar og þátttöku nemenda.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur lesa í umhverfi sitt, fylgja leiðbeiningum og reglum, eiga samskipti við ólíkt fólk og læra ný hugtök í tengslum við staði, störf, náttúru, leiki og tækni.
Sjálfbærni	Nemendur kynnast nærumhverfi og náttúru, nýta það sem umhverfið býður upp á og læra að ganga um náttúruna af ábyrgð og virðingu.
Heilbrigði og velferð	Áhersla er lögð á útiveru, hreyfingu, jákvæð samskipti, félagsfærni, sjálfstraust, vellíðan og að tilheyra hópi.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar, hlusta á aðra, taka sameiginlegar ákvarðanir, fylgja sameiginlegum reglum og bera virðingu fyrir öðrum.
Jafnrétti	Allir fá tækifæri til þátttöku óháð getu, áhuga eða bakgrunni. Áhersla er lögð á virðingu fyrir fjölbreytileika og samskipti við fólk á ólíkum aldri.
Sköpun	Nemendur takast á við skapandi og fjölbreytt verkefni, prófa nýja hluti, leita lausna og fá tækifæri til að nýta hugmyndaflug og frumkvæði.

Heimsmarkmiðin / Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:

Heimsmarkmið 3, 4, 10 og 11 – Heilsa og vellíðan, menntun fyrir alla, aukinn jöfnuður og sjálfbærar borgir og samfélög. Barnasáttmálinn 12. og 31. grein – réttur barna til þátttöku, að tjá skoðanir sínar, leikja, tómstunda og menningar- og listastarfs.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið	Markmið
Hópefli, leikir og samvinna	Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi. Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.	Nemandi tekur virkan þátt í hópleikjum og verkefnum, fylgir reglum og fyrirmælum og sýnir öðrum virðingu. Nemandi æfir samvinnu, samskipti, tillitssemi og að leysa verkefni með öðrum.
Nærsamfélagið og vinnustaðaheimsóknir	Tekið virkan þátt í samfélaginu á jákvæðan hátt og áttað sig á eigin hlutverki í samstarfi. Aukið orðaforða sinn og beitt honum á ólík umfjöllunarefni.	Nemandi kynnist fjölbreyttri starfsemi, fólki og störfum í nærsamfélaginu. Nemandi lærir að eiga samskipti við ólíka hópa samfélagsins og sýna kurteisi, áhuga og virðingu í heimsóknum.
Samskipti milli kynslóða og aldurshópa	Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi. Tekið ákvarðanir um eigin hagsmuni með tilliti til annarra.	Nemandi fær tækifæri til að eiga jákvæð samskipti við fólk á ólíkum aldri, m.a. yngri börn og eldri borgara. Nemandi æfir sig í að sýna þolinmæði, tillitssemi, umhyggju og að laga samskipti sín að aðstæðum.
Útinám, náttúra og nærumhverfi	Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Unnið með öðrum að fjölbreyttum verkefnum og haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.	Nemandi kynnist nærumhverfinu með útiveru og verklegum verkefnum. Nemandi tekur þátt í útileikjum, nýtir náttúruna á ábyrgan hátt og kynnist möguleikum hennar til útivistar, náms og nýtingar.
Sköpun, tækni og ný reynsla	Hagnýtt leikni og þekkingu til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og unnið á skapandi hátt.	Nemandi fær tækifæri til að prófa ný viðfangsefni, tækni og skapandi vinnubrögð. Nemandi þjálfast í að leita lausna, prófa sig áfram og læra af reynslu sinni og öðrum.
Félagsfærni, sjálfstæði og ábyrgð	Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum. Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi.	Nemandi eflir sjálfstraust og félagsfærni með fjölbreyttum verkefnum. Nemandi tekur ábyrgð á eigin þátttöku, virðir reglur og mörk annarra, tekur leiðsögn og leggur sitt af mörkum til jákvæðs hópanda.